

Aðalfundur LSG 14.nov. 2008

13.

Fundarstjóri: Jón Freyr Þórarinsson

Öll stjórnin sat fundinn, en þar sem tveir stjórnarmanna eiga lögheimili á Ísafirði og í Bolungarvík hefur stundum verið óhægt fyrir þá að koma til aðalfundar í Reykjavík. Alls sóttu 19 manns fundinn.

- 1. Formaður, Erling Ásgeirsson flutti skýrslu stjórnar** og fylgir hún hér með. Leiðrétt skal að í skýrslunni er Magnús Reynir Guðmundsson skráður varaformaður, en á síðasta aðalfundi baðst hann undan því embætti og er því meðstjórnandi, en Sölvi Rúnar Sólbergsson var kosinn varaformaður, en var áður meðstjórnandi. Erling greindi frá nýju embætti Jóns Björnssonar sem verið hefur í hlutastarfi sem landvörður í friðlandinu. Hann heldur því starfi áfram, en er jafnframt í starfi "sérfræðings" hjá náttúrusviði Umhverfisstofnunar, en í því starfi felst m.a. að byggja upp "Hornstrandastofu" á Ísafirði og sjá um aukna kynningu á friðlandinu.
- 2. Gjaldkeri, Guðríður Benediktsdóttir flutti yfirlit og samantekt um reikninga félagsins, sjá meðfylgjandi gögn.** 82 félagsmenn greiddu árgjald 2007.

3. Stjórnarkjör:

Stjórn og skoðunarmenn gáfu kost á að vinna áfram og voru þau –öll endurkosin. Sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar. Erling gat þess að Guðríður óskaði eftir að láta af störfum á næsta aðalfundi. Hann lagði áherslu á að mjög æskilegt væri að fá stjórnarmann sem rætur ætti að rekja norðan Kögurs í stað Guðríðar, til þess að gæta jafnræðis í stjórninni varðandi þekkingu á friðlandinu.

4. Aðalskipulag:

Sölvi Rúnar Sólbergsson kynnti vinnu við aðalskipulag friðlandsins. Þrettán undirbúningsfundirnir hafa verið haldnar á Ísafirði og hefur Sölvi sótt þá alla, sem annar tveggja fulltrúa Landeigendafélagsins. Hann hefur verið ötull flutningsmaður tillagna. sem stjórn LSG hefur talið vera hagsmunamál fyrir félagsmenn, en stjórnin leitaði eftir hugmyndum frá öllum félagsmönnum í upphafi vinnunnar og hefur reynt að hafa þær að leiðarljósi.

Skýrsla skipulagshópsins er á netinu, en einnig var dreift nokkrum eintökum til félagsmanna á fundinum.

Sölvi vakti athygli á ýmsum merkingum á landakorti og skýrði töflur sem eru í skýrslunni.

Hann vakti athygli á að ákvörðun vinnuhópsins um að vilja takmarka fjöld nýbygginga væri afar umdeild. Einnig skýrði hann út muninn á ferðaþjónustumiðstöð, ferðaþjónustukjörnum og ferðaþjónustuaðstöðu.

Sölvi telur að vinnu við aðalskipulag fari að ljúka og undirstrikar að stjórn LSG sé sitt bakland.

5. Landvarsla, Hornstrandastofa.

Jón Björnsson skýrði frá því að hann væri nú í fullu starfi við að sinna málefnum friðlandsins og sæti m.a. í Hornstrandaneft. Hann hefur aðstöðu á skrifstofu á

Mánagötu 2 á Ísafirði og biður fólk að ganga við hjá sér þar ef það eigi leið. Leitað hefur verið að framtíðarhúsnaði fyrir "Hornstrandastofu" og einnig er verið að huga að hönnun sýningar í tengslum við stofuna. Hann leggur áherslu á að heimamenn á Ísafirði komi sem mest að allri skipulags – og hönnunarvinnu. Einig leggur hann höfuðáherslu á samstarf við landeigendur og alla aðra sem hlut eiga að máli. Líkur eru á að framtíðarhúsnæðið verði við smábátaþöfnina þar sem áður var rækjuverksmiðja.

Meðal forgangsverkefna í friðlandinu er stefnt að

- umbótum á tjaldstæðum
- viðhaldi á gömlum vörðum
- lagfæringu á gömlum þjóðleiðum
- merkingar verði betri.
- byggja þarf sterkari kamra, því að sumir frá fyrri tíð hafa ekki þolað vetrarveðrattuna.
- vöktun svæðisins þarf einnig að auka.

Stefnt er að því að mynda starfshóp sem vinni að stefnumótun, safni bakgrunnsupplýsingum, komi upp gagnabanka, bæði frá þátíð og nútíð.

Verið er að semja við Náttúrustofu um talningu fugla á svæðinu. Auka þarf fræðslu, skilning og virðingu fyrir svæðinu og ein besta leiðin til að skerpa gömlu gönguleiðirnar er að ganga þær með stórum hópum ferðamanna. Margir ferðamenn eru ánægðir með að sækja sér vatn í læk hjá tjaldstæðunum.. Fastar áætlunarferðir verða með svipuðu sniði og s.l. summar. Upplýsingar er hægt að fá hjá "Vesturferðum".

6. Önnur mál

Birgir Albertsson Gat þess að viðgerð á Heimabænum á Hesteyri hefði tekist vel séð frá vestri og suðri en séð frá veginum þegar komið er niður af fjallinu frá Látrum væri þakið á húsinu þrefalt stærra en áður og sagði Birgir það stínga mjög í stúf og það væri ljótt séð frá húsi Birgis.

- Birgir spurði hvort maetti byggja á hlöðutóftum ef ekki ætti að búa í hlöðunni ?
- Hann spurði líka hvort hægt væri að fá slegið í kringum húsið sitt, þar sem hann væri orðinn illa fær um að slá sjálfur, en mikill ferðamannastraumur er að húsinu hans. Síðasta summar komu 120 manns við í húsinu.
- Varða á Nónfjalli var reist af nemendum barnaskólans á Hesteyri og spurning hvort hún fengi ekki að standa áfram þó að hún væri ekki vegvísir?
- Athugað verði að tjaldstæði verði með fullu sampykki allra húseigenda á staðnum.
- Síldarstöðin hefur ekki fengið að njóta sannmælis. Þar var alltaf góð höfn. Við hæfi væri að reisa minnismerki um störf Norðmanna á Heklustöð og byggja maetti skýli þar sem "Hvítá húsið" stóð og saga hússins sögð. Leiðin frá Hesteyri inn að Stekkeyri verður útundan í skoðun ferðamanna, enda leiðin ekki nógu greiðfær.
- Ferðamönnum standi til boða að velja um nokkrar leiðir. Til dæmis má nefna merkilegt steinhús sem stendur úti á eyrunum. Það var hólfad niður og notað sem hreinsunarhús fyrir hunda. Einnig er tilvalið að fara niður í Miðvík frá Hesteyri en það vantar merkingar.
- Er engin þvottaaðstaða á tjaldstæðum innan friðlandsins?

- Birgir mælist til að ferðamönnum fjölgj ekki meira á Hesteyri en tekur fram að þeir séu gott fólk og gangi vel um.
- Hann rifjar upp að fyrir mörgum árum hafi komið upp umræða sem Matthías Bjarnason o.fl. hafi fylgt úr hlaði um að taka friðlandið eignarnámi og gera það að þjóðgarði, en Birgir og fleiri andmæltu því og málið féll niður.
- Birgir þakkar Sölva og Jóni Björnssyni fyrir góð erindi.

Pórunn Hermannsdóttir

Vekur athygli á að gott væri að fjarlægja gamlan ofn við tjaldstæðið á Látrum, en þar brenna ferðamenn rusli og eftir er allskyns drasl sem brennur ekki.

Einnig er lækurinn hjá tjaldstæðinu lítill og því hætta á að hann þorni upp í þurrkum..

Fundi slitið kl. 20.30

Matthildur Guðný Guðmundsdóttir.